
8. stjórnarfundur Leiknar, haldinn mánudaginn 3. júlí 2006 kl. 11 hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Grensásvegi 16a.

Mætt: Birna Gunnlaugsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Emil Björnsson og Smári Haraldsson. Hulda Ólafsdóttir boðaði forföll.

Fundarefni:

1. Samningar við Mennt um;
 - a) Norræna framkvæmdastjórafundinn í haust
 - b) Frekari þjónustu, m.a. kynningar og heimasíðugerð
2. Styrkur menntamálaráðherra. 500 þúsund krónur til heimasíðugerðar og kynningar á starfi samtakanna 2006
3. Starfsemin framundan
4. Önnur mál.

1. Samningur við Mennt

a) Norræni framkvæmdastjórafundurinn í haust

Samningur við Mennt um norræna framkvæmdastjórafundinn og fleira var ræddur. Smári Haraldsson, formaður og Aðalheiður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Menntar hafa undirritað samning (fylgiskjal 1). Breyting frá útsendum drögum að samningi eru að Mennt fær greitt 25 tíma í stað 20 fyrir undirbúning fundarins.

Aðalheiður mun hafa samband við norrænu fulltrúana um dagskránnu. Fram kom að eðlilegt væri að kynna það sem efst er á baugi í fullorðinsfræðslu á Íslandi og kynna verkefnið Þankatankur um framtíðarfærni (Taanke-tanken), en fundur um það efni verður þá nýafstaðinn Íslandi. Loks rætt að kanna hvort mögulegt verður að bjóða gestunum upp á eina máltíð.

b) Frekari þjónustu, m.a. kynningar og heimasíðugerð

Formaður falið að semja við Mennt um hýsingu og vinnslu vefsíðu og umsjón með erlendu samstarfi. Samningsdrögin verða borin undir stjórnarmenn með tölvupósti. Einnig mun samningurinn taka yfir fundarboðun og utan um hald fundargerða og annarra gagna.

Ákveðið var að umsjón fjármála væri áfram hjá gjaldkera, Guðjónínu Sæmundsdóttur. Nokkuð rætt um möguleika á að sækja styrki, sérlega í norrænt samstarf og evrópusjóði þar sem möguleikar innanlands virðast hægir. Þó var ákveðið að sækja um fé til fjárlaganefndar.

2. Styrkur menntamálaráðherra, 500 þúsund krónur til heimasíðugerðar og kynningar á starfi samtakanna 2006.

Menntamálaráðherra hefur veitt Leikn styrk að upphæð kr. 500.000.- til heimasíðugerðar og kynningar á samtökunum. Formanni falið að koma þakklæti á framfæri til ráðherra fyrir hönd stjórnar.

3. Starfsemin framundan

Birna nefndi hvort ekki sé rétt að forgangsraða verkefnunum hjá stjórn Leiknar í samræmi við Samþykkt samtakanna. Nú er í forgangi að kynna samtökin og vinna heimasíðu. Ingibjörg nefndi að e.t.v. væri gott að kynna tilmæli Evrópusambandsins um fullorðinsfræðslu eða niðurstöður

MA-rannsóknar Svanfríðar Jónasdóttir um þá sem ekki hafa stundað nám eftir grunnskóla. Einnig nefndi Smári að kynna mætti það sem er efst á baugi í fullorðinsfræðslu hér innanlands. Hugmynd fundarmanna var að erindið eða erindin verði innblástur fyrir umræður félagsmanna um stefnumótun.

Ákveðið var að halda félagsfund við opnun heimasíðu Leiknar til að efla tengslin við aðila samtakanna og rætt að bjóða gestum á hann. Stefnt er að föstudeginum 22. september 2006. Dagskrá verður rædd nánar síðar

4. Önnur mál

Ingibjörg minnti á að stjórnin hefði ákveðið að endurskoða ákvæðið um aðild að Leikn.

Fundur slitið kl. 12:30

Birna Gunnlaugsdóttir ritaði fundargerð.